

871. fundur stjórnar GSÍ, 14. janúar 2016, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jón Júlíus Karlsson, Theódór Kristjánsson, Gunnar K. Gunnarsson og Hansína Þorkelsdóttir, sem jafnframt ritaði fundinn.

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 10. desember 2015 var lögð fram, samþykkt og undirrituð.

2. Ráðning framkvæmdastjóra.

Hagvangur sér um að taka á móti og vinna úr umsóknum um starf framkvæmdastjóra. Forseti lagði til að stofnaður yrði fimm manna hópur stjórnarmanna sem verði Hagvangi innan handar með ráðningaferlið. Tillagan var samþykkt einróma.

Áherslur vegna ráðningar framkvæmdastjóra voru ræddar og er það markmið stjórnar að ráðið verði í starfið sem allra fyrst en eigi síðar en á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður í febrúar.

Stjórn verður sendur listi umsækjenda þegar hann liggur fyrir.

3. Sjónvarpsmál

Forseti gerði grein fyrir því að viðræður standa yfir við RÚV um áframhaldandi samstarf um golfþætti og beina útsendingu frá Íslandsmóttinu í golfi.

4. Samstarfsaðilar GSÍ 2016

Staða samninga við samstarfsaðila var rædd en allir aðilar sem eru með útrunna samninga hafa sýnt áhuga að halda áfram samstarfi við golfsambandið.

Ljóst er að golfsambandið þarf tvo aðila til viðbótar í samstarf til að taka að sér mót í Eimskipsmótaröðinni 2016 og hvatti forseti stjórnarmenn til að vera vakandi fyrir mögulegum samstarfsaðilum.

5. Skipan nefnda

Á golfþingi GSÍ 2015 var samþykkt að stofna IT-nefnd sem hefur það hlutverk að ákveða framtíð vefmála sambandsins. Verður www.golf.is haldið í núverandi mynd með endurbótum eða verða aðrir möguleikar skoðaðir eins og til dæmis kaup á nýju kerfi? Vefurinn þarf að uppfylla ákveðin þjónustuskilyrði gagnvart golfklúbbum og kylfingum, auk þess að nýttast golfhreyfingunni við tekjuöflun. Ákveðið var að fyrir næsta stjórnarfund verði verklýsing fyrir IT-nefndina lögð fram. Bergsteinn Hjörleifsson fer fyrir IT-nefndinni og útbýr verklýsinguna ásamt Arnari Geirssyni, kerfisstjóra GSÍ.

6. Forskot. Nýr aðili og úthlutun styrkja 2016.

Rædd var staða Forskots afrekssjóðs og úthlutun styrkja úr sjóðnum fyrir árið 2016. Ljóst er að Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fær stærsta styrkinn úr

sjóðnum í ár. Aðrir styrkþegar eru Birgir Leifur Hafþórsson, Þórður Rafn Gissurarson, Axel Bóasson og Valdís Þóra Jónsdóttir. Nýr samstarfsaðili er kominn inn í sjóðinn í ár en það er Vörður tryggingar hf.

7. Önnur mál

Lögð var fram þinggerð frá Golfþingi 2015 og var hún samþykkt og undirrituð.

Frá og með 1. janúar 2016 hafa aldurstakmörk verið lækkuð í 50 ár í keppnum eldri kylfinga karla hjá EGA. Erindi hefur borist frá LEK um að aldurstakmörkum í sveitakeppni eldri kylfinga og Íslandsmóti eldri kylfinga verði breytt hérlendis í samræmi við þessa breytingu hjá EGA.

Aldurstakmörk lækka því úr 55 ára í 50 ára og úr 70 ára í 65 ára í karlaflokkunum, verði tillaga LEK samþykkt. Erindi LEK var vísað til laga- og reglugerðarnefndar.

Eggert Ágúst Sverrisson fór yfir eftirfylgni með stefnumótun golfhreyfingarinnar en samkvæmt samþykkt golfþings ber stjórn GSÍ að gefa skýrslu um framgang stefnumótunarinnar árlega, á golfþingi og formannafundi. Eggert fær umboð stjórnar til að setja saman og halda utan um vinnuhópa sem mun starfa skv. settri stefnumótun.

Áhersla verður lögð á meginverkefni, markmiðin fimm. Útbreiðsla, hópstjóri verður Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Innri samskipti, hópstjóri verður Jón Júlíus Karlsson. Afreksmál, hópstjóri verður Helgi Anton Eiríksson. Barna og fjölskyldustarf og Umhverfismál, skipun hópstjóra fer fram á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:30.